

## Svar

### innviðaráðherra við fyrirspurn frá Ásthildi Lóu Þórsdóttur um samskipti við hagsmunaverði og skráningu þeirra.

1. *Hafa öll samskipti ráðherra og ráðuneytisins við hagsmunaverði frá 1. janúar 2021 verið skráð eins og kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr. laga um varnir gegn hagsmunaárekstrum í Stjórnarráði Íslands, nr. 64/2020?*

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga um varnir gegn hagsmunaárekstrum í Stjórnarráði Íslands, nr. 64/2020, er stjórnvöldum skylt að skrá upplýsingar um samskipti þeirra og hagsmunavarða í samræmi við ákvæði upplýsingalaga, laga um opinber skjalasöfn og laga um Stjórnarráð Íslands. Upplýsingar um aðkomu hagsmunavarða og annarra einkaaðila að samningu stjórnarfrumvarpa skal tilgreina í greinargerð með þeim.

Í 3. mgr. 1. gr. laganna er hugtakið hagsmunavörður skilgreint. Með hugtakinu er átt við einstaklinga sem tala máli einkaaðila gagnvart stjórnvöldum og leitast við að hafa áhrif á störf þeirra í atvinnuskyni. Með því að afmarka hugtakið við einstaklinga eru ýmis félagasamtök og fyrirtæki, sem í daglegu tali eru nefnd hagsmunasamtök, strangt til tekið undanskilin reglum 4. gr. En einstakir starfsmenn þeirra geta hins vegar borið skyldur samkvæmt ákvæðinu.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um annað en að samskipti innviðaráðherra og innviðaráðuneytis við hagsmunaverði hafi verið skráð í málaskrá ráðuneytisins í samræmi við ákvæði framangreindra laga.

2. *Hefur ráðuneytið ávallt gætt þess að kanna hvort hagsmunaverðir, sem ráðuneytið eða ráðherra á hverjum tíma hafa átt samskipti við frá 1. janúar 2021, hafi verið tilkynntir og skráðir skv. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 64/2020 áður en þeir leituðust við að hafa áhrif á störf stjórnvalda?*

Í 3. mgr. 4. gr. laga nr. 64/2020 er mælt fyrir um tilkynningarskyldu hagsmunavarða. Samkvæmt ákvæðinu er hagsmunavörðum skylt að tilkynna um sig og hlutverk sitt áður en hann leitast við að hafa áhrif á störf stjórnvalda fyrir hönd einkaaðila.

Í lögum nr. 64/2020 er ekki gert ráð fyrir því að það hafi afleiðingar fyrir þá sem sinna hagsmunagæslu tilkynni þeir sig ekki sem hagsmunaverði. Markmið ákvæða laganna um tilkynningarskyldu hagsmunavarða og skráningu samskipta við þá er fyrst og fremst að auka gagnsæi um samskiptin. Komi einstaklingur fram sem hagsmunavörður gagnvart stjórnvöldum án þess að hafa tilkynnt um hlutverk sitt væri hins vegar rétt af stjórnvaldi að benda á tilkynningarskyldu þar um, sbr. 2. mgr. 14. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Ráðuneytið hefur ekki kannað það sérstaklega hvort þeir aðilar sem ráðherra eða ráðuneyti á í samskiptum við hafi verið tilkynntir eða skráðir samkvæmt lögum nr. 64/2020.

3. *Hefur ráðherra eða ráðuneytið í einhverjum tilfellum frá 1. janúar 2021 átt samskipti við aðila sem sinna hagsmunagæslu en höfðu ekki verið tilkynntir og skráðir sem hagsmunaverðir skv. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 64/2020 þegar samskiptin fóru fram? Efsvo er, í hvaða tilfellum og hvers vegna?*

Á degi hverjum eiga ráðherrar og starfsfólk ráðuneyta samskipti við aðila sem sinna hagsmunagæslu af einhverju tagi. Yfirlit úr dagskrá ráðherra á vefráðuneytisins ber til dæmis vott um það. Við vinnslu þessa svars var tekið saman hvaða samskipti hafa átt sér stað við hagsmunaverði sem hafa tilkynnt um það hlutverk sitt. Ekki liggja fyrir samanteknar upplýsingar um samskipti við aðila sem sinna hagsmunagæslu en höfðu ekki verið tilkynntir og skráðir sem hagsmunaverðir skv. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 64/2020, þegar samskiptin fóru fram, jafnvel þótt þeim kunni að vera það skylt. Sömu reglur gilda eftir sem áður um skráningu samskipta við slíka aðila óháð því hvort þeir hafi tilkynnt um sig og sitt hlutverk.

4. *Hvaða hagsmunaverði í skilningi laga nr. 64/2020 hefur ráðherra eða ráðuneytið átt samskipti við frá gildistöku laganna, hvenær, afhálftu hvaða aðila og um hvaða málefni?*

Dagsetning	Hagsmunasamtök	Hagsmunavörður	Efni
14.1.2021	Samtök iðnaðarins	Sigurður Hannesson	Áhrif „Allir vinna“ á samningsfjárhæðir og afstaða opinberra verkkaupa
14.1.2021	Samtök iðnaðarins	Lárus M.K. Ólafsson	Forgangsröðun bólusetningar gegn Covid-19 – áskorun til stjórnvalda
15.1.2021	Samtök iðnaðarins	Gunnar Sigurðarson	Erindi til ríkisstjórnar vegna afurðarstöðva í kjötiðnaði
19.1.2021	Samtök ferðaþjónustunnar	Gunnar Valur Sveinsson	Starfshópur um umhverfi smáfarartækja – aðkoma Hopp
20.1.2021	Samtök ferðaþjónustunnar	Gunnar Valur Sveinsson	Starfshópur um umhverfi smáfarartækja – aðkoma Hopp
21.1.2021	Landssamband smábátaeigenda	Arthur Bogason	Tilkynning um breytingu á skipan í fagråd um siglingamál
22.1.2021	Samtök fjármálafyrirtækja	Margrét A. Jónsdóttir	Fagråd um umferðarmál – tilnefning
26.1.2021	Landssamband smábátaeigenda	Arthur Bogason	Fagråd um siglingamál – skipunarbréf
26.1.2021	Landssamband smábátaeigenda	Örn Pálsson	Fagråd um siglingamál – skipunarbréf
29.1.2021	Samtök ferðaþjónustunnar	Jóhannes Þór Skúlason og Gunnar Valur Sveinsson	Erindi vegna ákvörðunar ráðuneytis um fulltrúa SAF í fagråd um siglingamál
2.2.2021	Samtök verslunar og þjónustu	Benedikt S. Benediktsson	Póstmálefni
9.2.2021	Samtök ferðaþjónustunnar	Jóhannes Þór Skúlason	Skipun fulltrúa SAF í fagråd um siglingamál
11.2.2021	Samtök iðnaðarins	Friðrik Ágúst Ólafsson	Viðtal við Intellecta vegna fasteignaskrár
17.2.2021	Samtök iðnaðarins	Sigurður Hannesson	Ný skýrsla SI og FRV um framtíðarhorfur innviða á Íslandi – kynning og pallborð
18.2.2021	Samorka	Baldur Dýrfjörð	V. fundar um vatnsveitur sveitarfélaga

<b>Dagsetning</b>	<b>Hagsmunasamtök</b>	<b>Hagsmunavörður</b>	<b>Efni</b>
23.2.2021	Samtök iðnaðarins	Sigurður Hannesson	Mál einstakra byggingarfyrirtækja vegna „Allir vinna“
24.2.2021	Neytendasamtökin	Breki Karlsson	Arðsemi vatnsveitu
26.2.2021	Samtök ferðaþjónustunnar	Gunnar Valur Sveinsson	Afnám leyfisskoðunar hópbifreiða
5.3.2021	Samtök iðnaðarins	Ída M. Jósepsdóttir	Viðtalsbeiðni til ráðherra vegna stöðu í íslenskum iðnaði
8.3.2021	Bílgreinasambandið	Benedikt Eyjólfsson	Fagráð um umferðarmál – skipunarbréf
8.3.2021	Samorka	Baldur Dýrfjörð	Viðtalsbeiðni til ráðherra um vatnsveitur sveitarfélaga
8.3.2021	Samtök ferðaþjónustunnar	Jóhanna Olga Hreiðarsdóttir	Fagráð um umferðarmál – skipunarbréf
8.3.2021	Samtök fjármálafyrirtækja	Sigrún A. Þorsteinsdóttir	Fagráð um umferðarmál – skipunarbréf
8.3.2021	Samtök verslunar og þjónustu	Sara Dögg Svanhildardóttir	Fagráð um umferðarmál – skipunarbréf
8.3.2021	Öryrkjabandalag Íslands	Bergur Þorri Benjamínsson	Fagráð um umferðarmál – skipunarbréf
23.3.2021	Samtök iðnaðarins	Sigurður Hannesson	Fundur um stöðu og horfur í íslenskum iðnaði
18.3.2021	Félag atvinnurekenda	Guðný Hjaltadóttir	Póstmálefni
14.4.2021	Samorka	Baldur Dýrfjörð	Fundur um vatnsveitur sveitarfélaga
21.4.2021	Samtök iðnaðarins	Jóhanna Klara Stefánsdóttir	Birting gagna um fjölda íbúða í byggingu
29.4.2021	Samtök iðnaðarins	Sigríður Mogensen	Fundur um samkeppnisstöðu upplýsinga- tækni- og gagnaversiðnaðar og tækifæri í tengslum við nýjan fjarskiptastreng, IRIS
4.5.2021	Öryrkjabandalag Íslands	Jóhanna Hermansen	Undirbúningshópur fyrir árlegan minningardag um þá sem látist hafa í umferðarslysum – tilnefning
5.5.2021	Hagsmunasamtök heimilanna	Guðmundur Ásgeirsson	Áskorun til ríkisstjórnarinnar
5.5.2021	Bændasamtök Íslands	Gunnar Þorgeirsson	Stjórn Byggðastofnunar – skipunarbréf
7.5.2021	Öryrkjabandalag Íslands	Þuríður Harpa Sigurðardóttir	Samkomulag um fjármögnun á verkefnisstjóra vegna úrbóta í aðgengismálum fatlaðs fólks
12.5.2021	Öryrkjabandalag Íslands	Bergur Þorri Benjamínsson	Starfshópur um árlegan minningardag um þá sem látist hafa í umferðarslysum – skipunarbréf
14.5.2021	Samtök iðnaðarins	Sigurður Hannesson	Birting gagna um fjölda íbúða í byggingu
20.5.2021	Samtök ferðaþjónustunnar	Gunnar Valur Sveinsson	Viðtalsbeiðni til ráðherra vegna málefna útgerða með skoðunarferðir
10.6.2021	Samtök verslunar og þjónustu	Benedikt S. Benediktsson	Ábendingar um ágalla í reglugerð nr. 414/2021 um skoðun ökutækja

<b>Dagsetning</b>	<b>Hagsmunasamtök</b>	<b>Hagsmunavörður</b>	<b>Efni</b>
15.6.2021	Samtök ferðaþjónustunnar	Skapti Örn Ólafsson	Formönnum flokka boðið til pallborðsumræðna
16.6.2021	Rafiðnaðarsamband Íslands	Kristján Þórður Snæbjarnarson	Viðtalsbeiðni til ráðherra
22.6.2021	Samtök verslunar og þjónustu	Andrés Magnússon	Starfshópur um 1. gr. póstlaga – tilnefning
2.7.2021	Samorka	Baldur Dýrfjörð	Erindi ESA um athugasemdir stjórnvalda vegna kvörtunar um undanþágu fyrirtækja í raforkuframleiðslu frá fasteignaskatti
12.7.2021	Samtök atvinnulífsins	Halldór Benjamín Þorbergsson	Beiðni um tilnefningu í starfshóp um 1. gr. póstlaga
12.7.2021	Bændasamtök Íslands	Vigdís Häsler, Gunnar Þorgeirsson og Guðrún Vaka Steingrímsdóttir	Viðtalsbeiðni til ráðherra vegna póstmálefna
13.7.2021	Samtök atvinnulífsins	Sigríður Ásmundsdóttir	Starfshópur um 1. gr. póstlaga – tilnefning
28.7.2021	Samorka	Baldur Dýrfjörð	Samningur orkufyrirtækja við KraftCERT
11.8.2021	Bændasamtök Íslands	Vigdís Häsler, Gunnar Þorgeirsson og Guðrún Vaka Steingrímsdóttir	Fundur um póstmálefni
11.8.2021	Bílgreinasambandið	Özur Lárusson	Fyrirspurn um innleiðingu tilskipunar 2006/40/EB
12.8.2021	Neytendasamtökin	Breki Karlsson	Starfshópur um 1. gr. póstlaga – skipunarbréf
12.8.2021	Samtök verslunar og þjónustu	Benedikt S. Benediktsson	Starfshópur um 1. gr. póstlaga – skipunarbréf
27.8.2021	Samtök verslunar og þjónustu	Benedikt S. Benediktsson	Áherslur SVÞ í starfshópi um póstmál
2.9.2021	Samtök fjármálafyrirtækja	Margrét Arnheiður Jónsdóttir	Kerfiskennitölur
10.9.2021	Samtök atvinnulífsins	Halldór Benjamín Þorbergsson	Beiðni um tilnefningu í starfshóp um endurskoðun lagaumhverfis almenningssamgangna
16.9.2021	Samtök ferðaþjónustunnar	Skapti Örn Ólafsson	SAF-ferðaþjónustudagurinn – pallborðsumræður
20.9.2021	Samtök atvinnulífsins	Sigríður Ásmundsdóttir	Starfshópur um endurskoðun lagaumhverfis almenningssamgangna – tilnefning
30.9.2021	Öryrkjabandalag Íslands	Þuríður Harpa Sigurðardóttir	Boð á ársfund Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga
11.10.2021	Öryrkjabandalag Íslands	Stefán Vilbergsson	Aðgengismál á biðstöðvum strætó á landsbyggðinni
12.10.2021	Öryrkjabandalag Íslands	Stefán Vilbergsson	Tilkynning um verkefnastyrk til ÖBÍ

<b>Dagsetning</b>	<b>Hagsmunasamtök</b>	<b>Hagsmunavörður</b>	<b>Efni</b>
28.10.2021	Samtök verslunar og þjónustu	Benedikt S. Benediktsson	Ósk um fund ráðuneytis, Samgöngustofu og tæknistjóra bifreiðaskoðunarstofa
1.11.2021	Samtök ferðaþjónustunnar	Gunnar Valur Sveinsson	Fyrirspurn um afnám leyfisskoðunar hópbifreiða
3.11.2021	Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins	Halldór Benjamín Þorbergsson og Sigurður Hannesson	Erindi vegna samráðsleysis um langtímasýn Íslands í átt að kolefnishlutleysi
16.12.2021	Öryrkjabandalag Íslands	Stefán Vilbergsson	Viðtalsbeiðni til ráðherra vegna aðgengismála
22.12.2021	Samtök verslunar og þjónustu	Benedikt S. Benediktsson	Póstmálefni
14.1.2022	Öryrkjabandalag Íslands	Þuríður Harpa Sigurðardóttir	Fyrirspurn um hækkun húsnæðisbóta
18.1.2022	Öryrkjabandalag Íslands	Þuríður Harpa Sigurðardóttir	Fyrirspurn um hækkun húsnæðisbóta
19.1.2022	Samorka	Páll Erland	Viðtalsbeiðni til ráðherra
21.1.2022	Samtök iðnaðarins	Jóhanna Klara Stefánsdóttir	Útboðsþing SI
25.1.2022	Félag atvinnurekenda	Ólafur Stephensen	Póstmálefni
26.1.2022	Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi	Jón Kristinn Sverrisson	Erindi vegna undanþágunefndar og mönnunarnefndar skipa
31.1.2022	Proskahjálp	Árni Múli Jónasson	Rafrænar íbúakosningar sveitarfélaga
31.1.2022	Samorka	Berglind Rán Ólafsdóttir	Viðtalsbeiðni til ráðherra
31.1.2022	Samband garðyrkjubænda	Ragna Sigurðardóttir	Lögbundin tilkynning um kosningu varaforseta borgarstjórnar
4.2.2022	Samtök ferðaþjónustunnar	Gunnar Valur Sveinsson	Viðtalsbeiðni til ráðherra vegna skoðanatíðni bílaleigubíla
4.2.2022	Samtök ferðaþjónustunnar	Gunnar Valur Sveinsson	Tillaga að breytingu á reglugerð nr. 414/2021 um skoðanatíðni bílaleigubíla
16.2.2022	Proskahjálp	Árni Múli Jónasson	Fyrirspurn um húsnæðis- og mannvirkjamál
18.2.2022	Samtök fjármálafyrirtækja	Margrét Arnheiður Jónsdóttir	Kerfiskennitölur
21.2.2022	Samtök ferðaþjónustunnar	Gunnar Valur Sveinsson	Málefni ferðaþjónustunnar
23.2.2022	Félag atvinnurekenda	Guðný Hjaltadóttir	Viðtalsbeiðni til ráðherra vegna lítilla fyrirtækja sem teljast mikilvægir innviðir
28.2.2022	Proskahjálp	Árni Múli Jónasson	Fasteignasjóður – stofnframlag vegna framkvæmda með HMS
9.3.2022	Samorka	Páll Erland	Fundur um orkumál
11.3.2022	Samtök ferðaþjónustunnar	Gunnar Valur Sveinsson	Málefni ferðaþjónustunnar
16.3.2022	Öryrkjabandalag Íslands	Eva Þengilsdóttir	Starfshópur um greiningu á stöðu fatlaðs fólks í samgöngum á Íslandi – tilnefning

<b>Dagsetning</b>	<b>Hagsmunasamtök</b>	<b>Hagsmunavörður</b>	<b>Efni</b>
24.3.2022	Samtök iðnaðarins	Jóhanna Klara Stefánsdóttir	Ráðstefna í tengslum við Verk og vit – pallborðsumræður
24.3.2022	Félag atvinnurekenda	Guðný Hjaltadóttir	Póstmálefni
30.3.2022	Samorka	Páll Erland	Beiðni um ávarp ráðherra á Samorkuþingi